



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 29. ágú 2020  
Tilvísun: 202008-0037

### **Frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020.**

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020. Frumvarpið felur í sér að Icelandair Group verði veitt sjálfskuldarábyrgð frá ríkissjóði vegna tekjufalls fyrirtækisins í kjölfar útbreiðslu Covid-19.

Stjórnvöld hafa á undanförunum mánuðum gripið til fjölda aðgerða sem ætlað er að styðja við fyrirtæki á meðan sóttvarnaraðgerðir eru í gildi og neikvæðustu áhrif þeirra koma fram í efnahagslífinu. Þessar aðgerðir hafa nú þegar reynst þýðingarmiklar fyrir Icelandair sem hefur getað notið ríkisstuðnings m.a. í gegnum hlutabótaleiðina, frestun opinberra gjalda, greiðslu launa á uppsagnafresti starfsfólks o.fl.

Traustar samgöngur fyrir fólks- og vöruflutninga hafa mikla þýðingu fyrir íslenskt efnahagslíf og vinnumarkað og ASÍ telur mikilvægt að á Íslandi sé starfrækt flugfélag sem starfi skv. íslenskum vinnumarkaðsreglum. Stjórnvöld ætla sér að styðja við félagið með lánalínu til þrautarvara upp á 120 milljónir USD. Stuðningur stjórnvalda til fyrirtækja á þó ekki að vera án skilyrða.

Í fyrsta lagi er það ófrávikjanleg krafa að íslenskir kjarasamningar ráði réttindum og skyldum, réttindi launafólks séu virt og að félagið virði leikreglur íslensks vinnumarkaðar. ASÍ harmar að stjórnendur Icelandair hafi skaðað það traust og þann velvilja sem starfsmenn félagsins hafa sýnt félaginu í erfiðleikum þess. Sú ákvörðun stjórnenda að segja upp öllum starfandi flugfreyjum og flugþjónum eftir að þessi hópur hafði tjáð vilja sinn í atkvæðagreiðslu um kjarasamning var bæði siðlaus og ólögmat. Þá lá þegar fyrir, að þessi hópur var með kjarasamningum tilbúinn til þess að taka á sig verulega kjaraskerðingu, skerðingu langt umfram aðra hópa. Einlægur samningsvilji og þrautseigja FFÍ varð síðan til þess að samningar náðust og ólögmatum árásum Icelandair hrundið.

Í öðru lagi á ríkisstuðningur að vera háður þeim skilyrðum að félög og dótturfélög hafi hvorki viðveru né stundi viðskipti í gegnum skattaskjól eða lágs-kattaríki.

Í þriðja lagi ber stjórnvöldum og Alþingi að verja hagsmuni ríkisins í hvívetna í gegnum í gegnum traust veð eða að ríkið eignist hlut í félaginu. Óvissa ríkir um hvort þetta skilyrði sé uppfyllt líkt og sjá má í



Alþýðusamband Íslands

umsögn Ríkisendurskoðunar en þar segir að ósennilegt sé að tryggingar geti numið þeim 15 milljörðum sem lánaðir eru.

Að lokum er tekið fram að umsögn þessi er sett fram innan þess nauma tímaramma sem gefinn var af Alþingi. ASÍ áskilur sér rétt til að koma frekari sjónarmiðum á framfæri við meðferð málsins.

Fyrir hönd ASÍ,  
Róbert Farestveit  
Hagfræðingur